2020

# PEERS námskeið

LOKASKÝRSLA TIL SPROTASJÓÐS

Akraneskaupstaður | Stillholti 16-18 | 300 Akranesi | kt. 410169-4449 | Sími 433 1000 | akranes@akranes.is | www.akranes.is

## Upplýsingar um verkefnið

**Nafn skóla:** Skóla- og frístundasvið Akraneskaupstaðar
**Nafn verkefnisins:** PEERS
**Nafn verkefnisstjóra:** Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir
**Númer samnings og hvaða ár verkefnið hlaut styrk:** UMS-41 2019-2020

## Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

Mæta þörfum barna og unglinga með félagslega erfiðleika til aukinnar félagsfærni og þannig styðja við árangursríka þátttöku þeirra í samfélaginu. Þar með miðar námskeiðið að því að efla geðheilsu og vellíðan barna, unglinga og fjölskyldna með það að markmiði áhættuþætti.

## Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Námskeiðið var auglýst ásamt því að haft var samband við einstaklinga vitað var að hefðu þörf á því að sækja PEERS námskeið.

## Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Helstu frávik fólust í því að samsetning hópsins var flókin og í það höfðu ekki allir þátttakendur seiglu til að halda út allt námskeiðið.

## Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Helstu hindranir fólust í því að halda inni á námskeiðinu þeim börnum sem voru skráð á námskeiðið og höfðu engan áhuga og skráning fór fram með loforði um viðurkenningu/verðlaun frá foreldri. Sem betur fer átti slíkt ekki við um marga.

## Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu

Helsti ávinningur af vinnunni er að byggja upp samstarf meðal barns og foreldris. Að byggja upp félagsfærni hjá börnunum og stuðla þannig að árangursríkari þátttöku þeirra í samfélaginu.

## Mat á verkefninu samkvæmt umsókn:

Verkefnið er byggt á gagnreyndri aðferð þar sem þátttakendur fylla út matslista að námskeiði loknu. Niðurstaðan sýnir að námskeiðin skila árangri og hefur reynslan sýnt að foreldrasamvinna eykst og foreldrar eru betur í stakk í búin að aðstoða börn sín.

## Niðurstöður verkefnisins:

Það er okkar sannfæring að PEERS námskeið er frábært verkfæri til að efla og styðja við að börn og unglingar styrkist félagslega og verði þar af leiðandi virkari í samfélaginu. Markmið var að 10 þátttakendur (börn) og svo foreldrar þeirra myndu skrá sig á námskeiðið. Það náðist. Ljóst var í byrjun að hópurinn var flókin í samsetningu og þurftu leiðbeinendur að endurhugsa nálgun á efninu og skiptingu þeirra.

## ÁÆTLUN UM KYNNINGU Á AFRAKSTRI VERKEFNISINS OG HELSTU NIÐURSTÖÐUM

Kynning á niðurstöðum fer fram í skólanum og afraksturinn felst í því að börnin sýni aukna félagsfærni og þátttöku í samfélaginu. Einnig sér skólinn að með þátttöku foreldra í þessu verkefni eflist samstarfið til mun.

**Dagsetning:** 8. júní 2020

Undirskrift verkefnisstjóra Undirskrift skólastjóra ábyrgðarskóla